



TAKK FYRIR
AÐ FLOKKA

Ágæti íbúi í Grundarhverfi á Kjalarnesi

Nú er að hefjast tilraunaverkefni um söfnun á lífrænum eldhússúrgangi. Verkefnið er hluti af aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar um að byrja sérsöfnun á lífrænum eldhússúrgangi fyrir árið 2020. Grundarhverfi er fyrsta hverfið í Reykjavík þar sem lífrænum eldhússúrgangi verður safnað sérstaklega. Verðmæti skapast með því að skilja lífrænan úrgang frá öðrum úrgangi. Í gas- og jarðgerðarstöð Sorpu sem nú rís í Álfsnesi verður hægt að framleiða metan og jarðvegsbæti.

Verkefnið stendur yfir a.m.k. fram á mitt næsta ár, eða þar til gas- og jarðgerðarstöðin tekur til starfa. Úrgangur sem safnast í verkefninu verður jarðgerður í samstarfi við Íslenska Gámafélagið. Reynsla verkefnisins verður nýtt við innleiðingu á lífrænni hirðu í borginni allri.

Helstu dagsetningar og aðrar hagnýtar upplýsingar um verkefnið:

- Íbúafundur var haldinn í Fólkvangi þann 30. október sl. þar sem verkefnið var kynnt.
- Við upphaf verkefnisins er ílátum fyrir söfnun í eldhúsi og rúllu af maíspokum dreift til allra heimila í Grundarhverfi.
- Bindið fyrir pokana áður en þeir eru settir í lífræna hólfið til að halda ílátinu hreinu og forðast lykt. Nota má maís- eða pappírspoka en ekki plastpoka.
- Nýjum sorpílátum verður dreift til heimila í vikunni 11.–16. nóvember. Við sérþýli verður notast við tvískiptar tunnur, þar sem annað hólfið verður fyrir lífrænan eldhússúrgang. Við fjölbýli verður 1–2 tunnum skipt út fyrir „brúntunnur“ fyrir lífrænan eldhússúrgang. Þegar ný ílát eru komin er hægt að byrja að flokka. Gjöld breytast ekki meðan á tilraunaverkefninu stendur.
- Hirðutíðni verður óbreytt og notaður verður tvískiptur hirðubíll við losun íláta.
- Flokkunarleiðbeiningar verða á öllum ílátum, en þær eru einnig á bakhlið þessa blaðs og á vefsíðunni www.ekkirusl.is.

Ef þú þarft frekari upplýsingar, vilt koma á framfæri ábendingum eða kvörtunum er hægt að gera það í síma 411 1111 eða með því að senda ábendingu til sorphirðu@reykjavikurborgar.is.

Takk fyrir að taka þátt í þessu verkefni með okkur.



Umhverfis- og skipulagssvið
Reykjavíkurborgar



BRÚN TUNNA
FYRIR LÍFRÆNAN
ELDHÚSSÚRGANG



TVÍSKIPT TUNNA
FYRIR BLANDAÐAN
ELDHÚSSÚRGANG